

Dauðans alvara
Dauðinn í íslenskri menningu

Áslaug Baldursdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar M.A.-gráðu
í Hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands, Hugvísindasvið

Maí 2013

Lokaverkefni til M.A. -prófs

Dauðans alvara

Dauðinn í íslenskri menningu

Áslaug Baldursdóttir

021174-3519

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði- og heimspekideild, Hagnýt menningarmiðlun
Leiðbeinandi: Halla Kristín Einarsdóttir
Maí 2013

Ágrip

Greinagerð þessi er hluti af meistaraverkefni mínu í Hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands.

Umfjöllunarefnið er dauðinn í íslensku samfélagi og er efninu einnig miðlað í formi heimildarmyndar sem ber heitið *Dauðans alvara*. Myndin fjallar um útfararþjónustu og þá starfsemi sem í henni er fólgin og er markmiðið að varpa ljósi á það ferli sem á sér stað frá andláti til grafar á skýran og áhugaverðan hátt bæði í fræðilegu samhengi og í myndmáli ásamt því að svara ýmsum spurningum sem fólk kann að hafa um þetta viðkvæma ferli.

Ferlinu við gerð myndarinnar er lýst og farið er yfir öll þau helstu atriði sem þarf að hafa í huga við andlát og er þróun útfararþjónustu á Íslandi skoðuð sérstaklega.

Fjallað er um siðferði í miðlun með tilliti til viðfangsefnisins og er tæpt á einstökum menningarlegum þáttum er varða efnið.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
-----------	---

I. hluti

1. Hugmyndin	6
1.1 Ferlið við gerð myndarinnar	7
1.2 Uppbygging myndarinnar	9
1.3 Eftirvinna	12
1.4 Dauðinn í myndum - siðferðileg álitamál	13
1.5 Aðgát skal höfð...	16

II. hluti

2. Útfararþjónusta á Íslandi	18
2.1 Dagur í lífi útfararstjóra	19
2.2 Frá andláti til grafar	20
2.3 Þróun útfara á Íslandi – frá húskveðju til samfellu	21
2.4 Bálfarir	22
2.5 Jarðarfaramenning	23
Niðurlag	25
Heimildaskrá	26
Viðaukar	28

Inngangur

Eitt er víst, og það er sú staðreynd að öll deyjum við.

Við fæðumst í þennan heim af ástæðum sem flestir telja óþekktar og kveðjum þennan heim við andlát.

Dauðanum fylgja ákveðnar skýringar hvort sem það er vegna sjúkdóms, slyss, voveiflegs atburðar eða elli. Spurningar eins og afhverju við erum hérna, hvernig mannkynið varð til og hvernig við höfum þróast er þó mun erfiðara að finna skýringar á og er slíkt oftar en ekki tilefni til fjölbreytilegra umræðna og ólíkra sjónarmiða. Allir geta þó verið sammála um staðreyndir málsins: við fæðumst og við deyjum.

Hvað raunverulega gerist eftir dauðann vitum við fæst um. Ljóst er þó að við andlát einstaklings verður líkaminn eftir, aðeins sem tímabundin skel sem eitt sinn hýsti hugsandi manneskju með skoðanir, langanir og vilja.

En hvernig berum við okkur að þegar kemur að því að miðla dauðanum? Er til einhver rétt leið og er þá til röng leið?

Viðfangsefnið hér er að varpa ljósi á dauðann í íslenskri menningu sýna fram á hvernig hægt er að miðla upplýsingum er tengjast dauðanum, ræða siðferðileg álitamál og skoða hug miðlarans í því samhengi.

Hér verður fjallað um dauðann sem órjúfanlegan þátt í menningarsögunni og er ferlið frá andláti til grafar skoðað sérstaklega í menningarlegu samhengi.

Spurningunni um hvert sé starf og hverjar séu skyldur útfarastjóra er svarað og er starfið sérstaklega skoðað með hliðsón af íslenskum menningarhefðum.

Við vinnslu þessarar greinagerðar voru helstu markmið höfundar að gera efnið fræðandi og áhugavert.

I. hluti

1. Hugmyndin

Hugmyndin að myndinni fæddist þegar ég var í áfanganum Sjónvapsþættir og heimildarmyndir undir leiðsögn Höllu Kristínar Einarsdóttur, Brynju Daggar Friðriksdóttur og Þorsteins J.

Nemendur námskeiðsins voru beðnir um að gera 6-8 mínútna langa heimildarmynd eða sjónvarpsinnslag. Í kjölfarið lagðist ég í mikla hugmyndavinnu og var ákveðin í því að fjalla um eitthvað sem ekki hefði sést áður og væri bæði áhugavert og myndrænt. Ég fékk ýmsar misgáfulegar hugmyndir og aðrar betri sem ég ákvað að setja niður á blað og kynna mér frekar. Ein hugmynd sótti þó mikið á mig og var hún sú að kynna mér starf útfarastjóra á Íslandi. Ég hafði aldrei séð eiginlega umfjöllun um þetta áhugaverða efni og mér lék forvitni á að vita meira. Ég var þó mjög meðvituð um það að ekki væru miklar líkur á því að útfararstjóri myndi taka mér fagnandi og vilja hleypa mér inn í þetta viðkvæma starfsumhverfi útbúin kvikmyndatökuvél.

Sjálf hef ég misst ástvini, en hef aldrei upplifað ótta við það að sjá látna manneskju. Ég var þó ekki viss um að ég hefði taugar í það að vera í mikilli og stöðugri nálægð við látið fólk í þessu umhverfi sem ég væri hugsanlega að fara inn í, en sem óhjákvæmilega krefðist við slíka heimildarmyndargerð.

Ég setti mig í samband við Útfararþjónustuna sem er útfararþjónusta sem ég og fjölskylda mín höfðum notað nokkrum sinnum áður og verið ánægð með og bar erindið undir eigandann. Svar hans kom mér dálítið á óvart því hann varð samstundis mjög áhugasamur. Fundur var strax ákveðinn og mæltum við okkur mót á skrifstofu hans þar sem við ræddum um gerð myndarinnar. Niðurstaðan af þessum fundi var sú að ég myndi fylgja honum eftir í starfi sínu í um vikutíma og fengi mynda það sem fyrir augu bæri á tímabilinu.

Ég tók strax mjög meðvitaða ákvörðun um að meðhöndla umfjöllunarefnið af virðingu og nærgætni og taka tillit til mögulegrar viðkvæmni áhorfenda.

Við gerð myndarinnar sýndi útfararstjórinn mér mikið traust og fljótlega kom í ljós að ég var með í höndunum mun meira efni en ég þyrfti fyrir 6-8 mínútna heimildarmynd. Mér fannst því mikilvægt að koma efninu frá mér á ítarlegri hátt.

Úr varð tæplega fimmtíu mínútna löng heimildarmynd sem nú er hér til umfjöllunar.

1.1 Ferlið við gerð myndarinnar

Ég eyddi fullri vinnuviku með útfararstjóranum og tók upp níu og hálfan klukkutíma af efni. Þegar á hólminn var komið nálgadist ég þetta eins og hvert annað kvikmyndaverkefni.

Þegar ég lagði af stað í þetta „ferðalag“ vissi ég ekki alveg hverju ég mætti eiga von á. Ég bjóst til dæmis ekki við því að mér yrði tekið eins vel af útfararstjóranum og raun bar vitni og að ég fengi allan þann aðgang til að mynda sem mér var veittur. Það var á stundum eins og ekkert væri eðlilegra en að ég væri með upptökuvél í líkhúsinu. Traustið sem ég fann fyrir var gríðarlega mikið sem gerði mig á móti enn meðvitaðri um það að ég þyrfti að vanda mig og leggja mig alla fram við framsetningu efnisins.

Þetta „ferðalag“ með útfararstjóranum vandist furðu vel, en þó samt aldrei alveg. Ég viðurkenni að fyrsta daginn í tökum hugsaði ég: hvað ertu búin að koma þér í?

Ég upplifði það að vera andlega uppgefinn eftir hvern upptökudag. Ég hafði ekkert tókulið með mér og sá ein um upptökurnar, hljóðið og lýsingu sem var oftast nær mjög erfitt. Kvikmyndavélin var þung og erfitt var að halda henni stöðugri. Aðstæður voru þess eðlis að ég þurfti nánast að öllu leyti að mynda handhelt.

Það hefði ekki verið vel séð að þurfa að stöðva ferlið við flutning á hinum látna á meðan ég væri að setja saman þrífótinn og stilla vélina, eða að stöðva undirbúning jarðarfara á meðan ég „testaði“ hljóðið.

Tökustaðirnir voru margir: líkhús Útfararþjónustunnar, líkhús Kirkjugarða Reykjavíkur, Fossvogskirkja, Árbæjarkirkja, Fríkirkja Hafnarfjarðar, Safnaðarheimili Fríkirkjunnar í Hafnarfirði, duftkerskirkjugarðurinn í Fossvogi, Gufuneskirkjugarður, skrifstofa Útfararþjónustunnar, heimili útfararstjórans og líkbíll útfararstjórans. Einnig reyndi ég að huga að því að ná góðum innklippsmyndum til að nýta þegar kæmi að því að setja myndina saman í klippiferlinu.

Fyrsta tókudaginn þegar ég var í upptökum í líkhúsinu varð mér ljóst að ég þyrfti að kljást við hljóðvandamál af ýmsum toga. Líkhúsið er þannig útbúið að þar eru stórir kælar til að geyma hina látnu í og þeir þarfnast mikillar orku með tilheyrandi „kæliskáphljóðum“. Erfitt var að ná að aðgreina hljóðið í

viðmælandanum frá yfirgnæfandi hljóðum í kæliskápunum. Ekki var hægt að fá sendihljóðnema frá skólanum á þessum tíma því einn þeirra fannst ekki og hinn var í notkun. Ég ákvað því að ná eins miklu efni og ég mögulega gæti og nota síðan eftirvinnsluna í það að vinna viðtölin sem ég tók á skrifstofunni þar sem hljóðskilyrði voru ágæt yfir myndefnið að hluta og ná því að segja frá myndefninu á skýran hátt.

Ég þurfti að miklu leyti að taka myndina upp á ferðinni. Starf útfararstjórans er aðeins að litlum hluta til unnið á skrifstofu þar sem setið er við tölvu og símtölum svarað. Stór hluti af starfinu er flutningur á hinum látna í líkbíl frá dánarstað, í líkhús og til og frá kirkju. Upptökurnar fóru því mikið til fram í líkbílum og var það töluverð áreynsla að ná kvikmyndatökuvélinni stöðugri á meðan við vorum á ferð og eins var hljóðið ekki alltaf upp á sitt besta þar sem heyra mátti umferðarnið og aðrar hljóðtruflanir frá bílnum sjálfum.

Þegar ég var að taka upp viðtöl við útfararstjóran í þessum aðstæðum þorði ég stundum varla að anda ef umræðan var bitastæð af ótta við að ná ekki að halda upptökuvélinni nægilegra stöðugri og eyðileggja þar af leiðinni „momentið“. Afleiðingin af þessu var mikil vöðvabólga sem ég hélt niðri með íbúfeni á meðan á upptökum stóð.

Við lok hvers upptökudags var ég oftast svo andlega þreytt þegar heim var komið að ég hafði lítið að gefa og langaði helst að leggjast undir sæng og horfa á eitthvað sjónvarpsefni sem kallaði ekki á neina andlega áreynslu og helst að sofna út frá því. Ég vaknaði oft en einu sinni við það að dreyma lík og líkkistur og fannst ég heyra furðuleg hljóð í kringum mig. Það má því með sannni segja að ég hafi tekið vinnuna með mér heim. Ég komst þó á endanum tiltölulega klakklaust í gegnum þetta og finnst afraksturinn vera vel þess virði.

Það sem kom mér helst á óvart við gerð myndarinnar var sú tilfinning sem ég upplifði mjög sterkt þegar ég var í líkhúsinu að líkami hins látna væri ekkert annað en skel þess sem einu sinni var. Ég hef sjaldan fundið jafn sterka tilfinningu sem fylgdi því að vera í nærveru látins einstaklings, en finna alls ekki fyrir nærverunni sem slíkri. Mér fannst það ákveðinn léttir og var hugsað á þeim stundum til þeirra nánú ástvina í minni fjölskyldu sem hafa kvatt þennan heim. Ég man eftir að hafa spurt oft en einu sinni að því hvort mamma mín væri ekki örugglega dáið eftir að hún hafði verið úrskurðuð látin á Landspítalanum í Fossvogi sumarið 1997. Ég var 22 ára þegar hún lést og man vel eftir hræðslunni sem fylgdi þeirri hugsun að hún væri kannski enn á lífi og hefði fyrir mistök verið úrskurðuð látin. Ég áttaði mig þó á því í

kistulagningunni að sá ótti var ekki á rökum byggður og að ekkert væri eftir nema líkami hennar og það gaf mér ákveðinn frið í hjartað. Af eigin reynslu er því hin íslenska hefð kistulagninga góð og nauðsynleg stund til að kveðja hinn látna og sjá með berum augum að manneskjan sem líkaminn hýsti er farin á annan og vonandi betri stað.

1.2 Uppbygging myndarinnar

Heimildarmyndir eru um margt ólíkar leiknum myndum og helst að því leyti að þær eru á margan hátt ófyrirsjáanlegar. Erfitt er að segja fyrir um niðurstöðuna þegar tókur hefjast þrátt fyrir að handrit liggi jafnvel fyrir.

Bill Nichols sagnfræðingur hefur skrifað fjöldann allan af bókum og greinum um heimildarmyndir. Í einni þessara bóka talar hann um að aðráttarafl heimildarmynda liggi í getunni til að færa okkur tímabær viðfangsefni sem bókstaflega þurfa athygli.

Með því að nota hljóð- og myndtækni til að framleiða eiginlega lýsingu á hlutum og atburðum sem auka við þekkingu fólks eru heimildarmyndir að leggja sitt á vogarskálarnar.

(Nichols 1991:formáli).

Nichols talar jafnframt um það að heimildarmynd sem hugtak eða ástundun hafi engin fyrirfram ákveðin takmörk. Hún beri ekki með sér tilgreindan lager af tækni, ávarpi engan tiltekinn fjölda mála né feli í sér algjörlega þekkt form, stíl eða flokka. Hugtakið heimildarmynd verði í sjálfu sér að byggjast á þeim heimi sem við þekkjum og deilum.

(Nichols 1991:12).

Ég velti því lengi fyrir mér hvernig ég ætti að byggja myndina upp. Í fyrsta lagi vildi ég að myndin yrði fræðandi og áhugaverð á sama tíma og efninu væri miðlað af virðingu til áhorfenda.

Í myndinni fylgjumst við með Rúnari Geirmundssyni og sonum hans að störfum hjá Útfararþjónustunni. Farið er með áhorfendur í gegnum hefðbundinn vinnudag útfararstjórans og í gegnum það ferli sem óumflýjanlega fylgir dauðanum.

Dauðinn sem er áþreifanlegur og alltumlykjandi í myndinni er skoðaður á áður óþekktann og óhefðbundinn hátt. Nálægðin við efnið er mikil en áhersla er lögð á að

fjalla um efnið á nærgætinn og virðulegan hátt og er reynt að gæta þess að ekki sé farið yfir nein velsæmismörk við gerð hennar.

Myndin breyttist oft og mikið í klippiferlinu eins og oft gengur í þannig vinnu. Ég var á tímabili komin með myndina í 146 mínútna grófklipp og fannst ég engu geta sleppt úr þegar ég ákvað að taka mér hvíld frá þessu í nokkra daga. Ég vissi að myndin væri allt of löng þar sem markmið mitt hafði ávallt verið að halda henni í kringum 60 mínútna lengd til þess að tryggja það að myndin héldi áhorfandanum og meiri möguleiki væri á því að koma henni í sýningu.

Þetta er lágstemmd mynd og í frekar hægum takti. Það var því mikilvægt að hafa hana ekki of langa án þess að það bitnaði á sögunni sem verið er að segja. Myndin endaði að lokum í tæpum 50 mínútum að lengd og er ég sátt við þá niðurstöðu.

Ég vissi strax í upphafi að ég vildi láta myndmálið segja söguna án truflana frá sögumanni. Það gerði þó klippiferlið allt mun erfiðara því ekki var hægt að styðjast við það að nota sögumann til að kynna efnið inn og auðvelta atriðauppþróðun. Myndin hefði að mínu mati orðið of lík sjónvarpsinnslagi hefði ég kosið þá leið. Mér fannst mikilvægt að láta myndefnið tala og nota útfararstjórn sjálfan til að lýsa ferlinu og því sem á sér stað.

Bill Nichols útbjó líkan þar sem hann skiptir heimildarmyndum upp í sex flokka og byggir hann flokkana á því hvaða aðferðum er beitt við gerð heimildarmynda. Hér verður eilítið tæpt á hverjum flokk fyrir sig.

Í fyrsta floknum er um að ræða ljóðrænar heimildarmyndir (e. Poetic Mode). Í þessum flokki er myndefnið og öll klipping notuð markvisst notað til að búa til ljóðræna sýn á atburði og samband þeirra á milli. Áhrifa móðernisma gætir í kvikmyndatöku og klippingu og eru myndir í þessum flokki oft óhlutbundnar.

Í öðrum floknum eru yfirlesturs heimildarmyndir (e. Expository Mode). Þar er sögumaður yfirleitt karlmaður með sterka og föðurlega rödd eða fræðimaður sem talar undir myndunum á sannfærandi og hlutlægan hátt. Myndirnar eru leiðandi og er allt myndefnið klippt á þann hátt að það þjóni sem best lesnum texta og boðskap myndarinnar. Í sögulegum heimildarmyndum af þessu tagi birtast oft einfaldar frásagnir og túlkun á liðnum atburðum. Þetta form er mikið notað í fræðsluþáttum fyrir sjónvarp.

Í þriðja flokknum eru athugunar heimildarmyndir (e. Observational Mode). Í þessum myndum reyna kvikmyndagerðamenn að vera eins og athugendur og láta sem þeir séu ekki til staðar. Þessi aðferð birtist fyrst á sjöunda áratugnum þegar kvikmyndavélar urðu minni og meðfærilegri í notkun. Tilgangurinn var að hafa ekki áhrif á myndefnið heldur aðeins að fylgjast með og var þannig kvikmyndagerðarmaðurinn nánast orðinn áhorfandinn sjálfur.

Fjórði flokkurinn eru þátttöku heimildarmyndir (e. Participatory Mode). Kvikmyndagerðarmaðurinn er sýnilegur þátttakandi í myndini og hefur jafnvel bein áhrif á gang mála og stýrir því efni myndarinnar að miklu leyti sjálfur.

Í fimmta flokknum eru íhugunar heimildarmyndir (e. Reflexive Mode). Þær fjalla oft um kvikmyndagerðarmanninn sjálfan í gegnum persónulega atburðarás eða þróun. Oft tekur viðfangsefnið þátt með dagbókarfærslum í gegnum upptökur. Í þess konar myndum er áhorfandinn stundum ávarpaður beint.

Í sjötta flokknum eru gjörninga heimildarmyndir (e. Performative Mode). Í þessum myndum er tilfinningarleg og huglæg hlið heimildarmynda áberandi og eru viðhorf sett fram í samhengi atburða sem hafa eða höfðu áhrif á marga. Gjörningamyndir tengja oft persónulega frásögn eða reynslu við víðara samhengi hvort sem það er pólitískt eða þjóðfélagslegt og er aðferð sem oft er notuð til að sýna sjónarhorn hinna ýmsu minnihlutahópa. Í þessum flokki er einnig að finna persónulegar sjálfsævisögur. (Nichols. 2010:31).

Með lista Nichols til hliðsjónar tilheyrir myndin *Dauðans alvara* fleiri en einum flokki. Hún á marg skylt með athugunar heimildarmyndum þar sem ég reyndi við gerð hennar að láta lítið fyrir mér fara og átti nærvera kvikmyndgerðarmannsins ekki að vera ápreifanleg. Tilgangurinn var að fylgjast með því sem fyrir augu bar án þess að hafa of bein áhrif á ferlið. Myndin getur þó aðeins að litlum hluta til flokkast sem athugunar heimildarmynd því hún er að miklu leyti í viðtalsformi og á því að einhverju leyti samleið með yfirlesturs heimildarmyndum og jafnvel gjörninga heimildarmyndum. Myndin byggist fyrst og fremst upp á viðtölum og lýsandi myndefni og er því með tengingar inn á fleiri en einn flokk heimildarmynda samkvæmt greiningu Nichols.

1.3 Eftirvinna

Þegar upptökum lauk tók við vinnan að setja allt myndefnið sem var um níu og hálfur klukkutími að lengd inn í tölvu. Það gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig og kostaði mikinn tíma og miklar vangaveltur og ráðleggingar frá mér reyndara fólki.

Það fór mikill tími í það að setja efnið yfir á harðan disk eða u.þ.b. fjórir fullir vinnudagar. Efnið var um 300 GB að stærð og fyllti ég nánast allt plássið á harða disknum sem ég hafði til umráða með efninu.

Ég þurfti síðan mér til mikillar mæðu að breyta kóðum á myndefninu og færa á annað format svo klippiforritið gæti lesið efnið. Eftir að hafa ítrekað reynt að koma efninu inn í klippiforritin Final Cut X og I-Movie án árangurs fór ég að leita mér upplýsinga. Eftir að hafa fengið ráðleggingar tölvufræðings og starfsfólks verkstæðisins Epli og eftir lestur á hinum ýmsu erlendu umræðuþráðum á Netinu um þau sömu yfirfærsluvandamál og ég var að kljást við varð mér ljóst að ég þyrfti að yfirfæra efnið á annað og meðfærilegra format. Ég notaði til þess forritið Pavtube HD video converter sem ég keypti mér á Netinu.

Upptökuvélin var fengin að láni hjá tækjadeild Háskóla Íslands og var af gerðinni Sony XD CAM EX í HD upplausn og var myndefnið tekið upp á tvískipt kort sem notuð eru í slíkum vélum. Kóðinn í þessum vélum er MP4 sem á að vera hægt að nota í öllum helstu klippiforritum. Ég átti því ekki von á þeim vandræðum sem hlutust af því að koma efninu í tölvu og í framhaldinu í klippivinnsluforrit.

Kóðinn í þessum vélum er slíkur að í þeim er undirkóði sem ekki er hægt að lesa í t.d. Final Cut, eða I-Movie nema að honum sé breytt. Við það að yfirfæra allt efnið töpuðust að einhverjum hluta gæðin á myndefninu og er það miður. Af þessum sökum get ég ekki mælt með þessum upptökuvélum við aðra og myndi sennilega ekki nota slíka vél aftur ef það biðist.

Loks þegar myndefnið var komið í lesanlegt form gat ég hafist handa við að fara yfir allt efnið og skrásetja það. Ég þurfti að hafa skýra sýn á það sem ég vildi að myndin væri að segja áhorfandanum og því hvað ég vildi fá út úr myndinni. Viðtölin voru mörg og tókurnar sem ég þurfti að fara yfir voru um fimm hundruð talsins þar sem oft var um að ræða stuttar tölur og í sumum tilfellum vanáætlun hjá kvikmyndatökumanninum. Ég hafði ekki sett niður ítarlegt handrit áður en tölur hófust vegna viðkæms eðlis myndarinnar og vegna þess að ég vissi ekki alveg hvað

ég mætti mynda áður en upptökur hófust. Ég var þó með lista yfir það sem ég vildi helst ná á mynd og var búin að útbúa spurningalista fyrir útfararstjóran og syni hans sem starfa í þessu með honum. Eins hafði ég til hliðsjónar lista sem ég hafði gert yfir mögulegt myndefni sem hægt væri að nota sem innklipp þegar ég færi að setja myndina saman.

Það fór því mikill tími í að fara yfir allt efnið, hlusta á viðtölin, henda út þeim tókum sem voru ónothæfar og rýmka þar með plássið á harða disknum. Óskastaðan hefði verið sú að fá aðstoð við þessa vinnu.

Þegar hin raunverulega klippivinna hófst var ég komin á þá niðurstöðu að nota I-Movie klippiforritið til að vinna myndina. Ástæðan var sú að ég hef unnið mikið með þetta forrit og þekki það orðið mjög vel. Það er ýmislegt hægt að gera í I-Movie þegar maður hefur reynslu af því. Ég vildi stytta tímann sem annars færi í það að læra almennilega á annað forrit og hófst því handa við að færa myndefnið sem ég ætlaði að vinna úr yfir í forritið. Ég fékk aðstoð við að klippa myndina að hluta til frá Maríu Ágústsdóttur sem er menntaður klippari frá Kvikmyndaskólanum. Ég sá sjálf um alla klippivinnuna en María var mér innan handar og gaf mér ábendingar. Það var mér ómetanlegt að hafa hana með mér í þessu og á hún þakkir skildar fyrir að leggja þetta á sig einungis fyrir þær sakir að henni fannst efnistökin áhugaverð.

Það er þó enn ekki útséð með það sýnilega tap á gæðum sem verður við samþjöppun á efninu í „exporti“ úr I-movie og yfir á disk og er höfundur enn að vinna í því að finna lausn á þeim tæknilegu örðugleikum. Í það heila má álykta að klippiferlið hafi tekið u.þ.b. þrjá mánuði af fullum krafti frá upphafi til enda.

1.4 Dauðinn í myndum - siðferðileg álitamál

Dauðinn er í senn viðkvæmur og kröftugur í eðli sínu. Miðlun á dauðanum verður því alltaf viðkvæmt í meðförum. Umfjöllunarefnið getur haft ólík áhrif á fólk og snert við viðkvæmum strengjum. Gæta þarf nærgætni og tillitsemi ef miðluninni er ekki ætlað að stuða fólk og vekja hjá því ótta. Dauðanum fylgir þó oft ótti hjá fólki og er það kannski hluti af menningunni. Óttinn við hið óþekkt, óttinn við að missa og óttinn við dauðann sjálfann.

Miðlun á dauðanum er til í ýmsu formi. Til marks um ákveðna miðlun á dauðanum eru spámiðlar sem telja sig vera í sambandi við látið fólk og hafa af því tekjur að miðla upplýsingum frá hinum látna til ættingja hans. Oftast eru þetta

ómerkilegar „upplýsingar“ sem hafa lítið vægi í lífi móttakandands (oftast aðstandenda). Þrátt fyrir það virðast „samskipti“ við hinn látna í gegnum spámiðil gefa þeim sem í það sækja ákveðna huggun og hugarró og má þá kannski segja að á vissann hátt sé tilgangnum náð hvort sem það kann svo að vera siðferðilega rangt eða ekki. Aftur á móti varpar slík miðlun fram ákveðnum siðferðislegum spurningum. Er rétt að notfæra sér (að því gefnu að um sé að ræða blekkingu af hálfu miðilsins) sorgarástand og viðkvæmni einstaklinga í hagnaðarskyni? Er spámiðillinn ekki búin að stíga langt yfir öll siðferðismörk með athæfi sínu? Vissulega er hægt að komast að slíkri niðurstöðu, en erfitt er að sanna það með afgerandi hætti að engin miðlun á milli hins látna og miðilsins eigi sér stað.

Hér á landi sækja margir syrgjendur í þá hugarró sem felst þeirri trú að ástvinurinn sé komin á „betri stað“, geti fylgst með sínum nánustu og að honum líði vel. Í sorginni er slík trú skiljanleg, hún gerir sorgarferlið vafalaust léttbærara.

Annars konar miðlun á dauðanum er af hálfu trúfélaga. Trúfélögin miðla mismundandi skoðunum og trú um það hvað gerist við andlát einstaklings, hvert hinn látni fer og hvað skuli gera í kjölfar andláts. Það er misjafnt eftir trúarfélögum hvað á að gerast eftir dauðann, en ávallt fylgir það trúarlegum hefðum og athöfnum. Hafi hinn látni iðkað sína trú og lifað lífi sínu með trúinna að leiðarljósi þá er það svo í flestum trúarbrögðum að hinn deyjandi má gera ráð fyrir því að fara á góðan og öruggan stað við andlát. Dæmi um það samkvæmt kristinni trú væri Himnaríki.

Annað form af miðlun á dauðanum er miðlun í myndum og orðum sem er sú miðlun sem hér er helst til umfjöllunar. Í þessu sambandi er um að ræða heimildarmynd sem á að fela í sér nokkuð óspillt upplýsingastreymi til almennings um það hvert sé hið almenna ferli frá andláti til grafar. Ég fylgdi ákveðinni útfaraþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eftir í eina viku og myndaði allt sem fyrir augu mín bar á þeim tíma. Ég myndaði líkflutninga þ.e.a.s. þegar hinn látni er sóttur og færður í líkhúsið. Ég myndaði það sem fram fer í líkhúsinu, undirbúning fyrir kistulagningu, jarðaför o.fl. Allan tímann á meðan á upptökum stóð var ég þó mjög meðvituð um það að þarna væri um að ræða ættingja einhvers og passaði mig á því að mynda ekki látna einstaklinga á þann hátt að þeir gætu þekkst. Flest líkanna sem ég mynda eru vafin í lök og er útilokað að hægt sé að þekkja viðkomandi.

Þrátt fyrir að blaðamenn, kvikmyndagerðamenn, listamenn og fræðimenn notist á einhvern hátt við ýmsa miðlunartækni í ólíkum tilgangi eru siðferðileg viðmið sem

mætti nota á meðal þeirra allra þegar kemur að notkun og framleiðslu á myndefni. Gross o.fl lýsa þessum siðferðisviðmiðunum í fjórum punktum:

1. Eigin skuldbingin kvikmyndagerðarmannsins (e. image maker) til þess að framleiða myndir (e. Images) eftir bestu getu sem endurspeglar ætlunarverk hans.
2. Ábyrgð kvikmyndagerðarmannsins að standa undir faglegum viðmiðum fagstéttar sinnar og að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart framleiðendum myndarinnar.
3. Skuldbinding kvikmyndagerðarmannsins gagnvart viðfangsefni sínu.
4. Ábyrgð kvikmyndagerðarmannsins gagnvart áhorfendum.

(Gross o.fl. 1988:6).

Þessi viðmið skilgreina siðferðilega afstöðu við kvikmyndagerð og geta einnig nýst við að koma auga á siðlausu nálgun í myndmáli.

Þegar miðla á jafn viðkvæmu efni og dauðinn jafnan er þá þarf að taka tillit til ýmissa þátta. Hverjir eru t.d. hagsmunir hins látna ef einhverjir? Hverjir eru hagsmunir fjölskyldu hans? Hver er tilgangurinn með því að miðla dauðanum í myndum? Afhverju ekki bara að láta dauðann í friði?

Þegar hugmyndin að myndinni var búin að ná sér góðri bólfestu í mér átti ég erfitt með að ýta þessu tækifæri frá mér og forvitnin um efnið yfirtók allt annað. Ég þurfti þó vissulega að spurja sjálfa mig siðferðilegra spurninga um það hvort mér þætti heimildarmynd vera réttur vettvangur fyrir umfjöllunarefnið og hvort ég væri með slíkri miðlun að fara yfir einhver siðferðismörk. Ég hugsaði málið í töluverðan tíma og eftir að hafa velt fyrir mér fleiri en einni hlið á málinu ákvað ég að ráðast í þetta verkefni.

Ef tekið er mið af því að allt það efni sem fram kemur í heimildarmyndinni minni er á þann hátt að engin látinn einstaklingur þekkist né er sýndur án þess að vera hulinn laki þá gæti verið auðvelt að halda því fram að ekki sé verið að brjóta á rétti neins né verið að misbjóða blygðunarkennd neins. Aftur á móti má líka halda því fram að ég hafi ekki fengið formlegt leyfi hjá hinum látna né aðstandendum hans fyrir því að sýna líkama hans vafinn inn í lak í líkhúsi eða í lokaðri líkkistu.

Hefur hinn látni tapað persónuvernd sinni og á friðhelgi einkalífsins við þegar um látinn einstakling er að ræða eða á það helst við um nánustu aðstandendur hans?

Ég á ekki til neitt einfalt svar við þeirri spurningu en þessu þarf vissulega að velta fyrir sér. Auðvitað þarf að taka tillit til hinna látnu og ættingja þeirra og sýna þeim virðingu og skilning.

Eru það hagsmunir samfélagsins að vera upplýst um ferli og athafnir sem snerta okkur sjálf og ættingja okkar? Eiga heildarhagsmunir okkar að veða þyngra en hagsmunir einstaklingsins?

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eru sett af Alþingi. Í 5.gr. reglugerðar árinu 2000 kemur fram:

„Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.“
(Alþingi 2000).

Þetta þýðir þó ekki að almenn lög um persónuvernd falli úr gildi sé um að ræða fjölmiðlun til almennings. Í 4.gr. sömu laga segir:

„Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.“
(Alþingi 2000).

Í samantekt Gross, Katz og Ruby á siðferði í miðlun kemur fram það sjónarmið að með aukinni tækni í miðlun hafi hið samfélagslega „norm“ breyst. Við erum orðin vön stöðugu streymi myndmáls í okkar daglega lífi frá hinum ýmsu heimshornum sem færir okkur í nálægð við atburði og fólk sem við myndum annars aldrei kynnast nema þá kannski í gegnum ritmál. Takmark blaðamannsins sé að þjóna rétt almennings á vitneskju hvort sem það er á prenti eða í myndum. (Gross o.fl. 1988:4).

Flest okkar viljum vera upplýst. Við teljum okkur vera upplýsta þjóð og látum okkur fátt óviðkomandi, en þurfum við nauðsynlega að vera upplýst um alla hluti?

Hvað með menningarheimildir og mikilvægi þeirra? Geta menningarlegir hagsmunir verið fólgnir í miðlun á dauðanum? Við erum auðvitað með miðluninni og þá sérstaklega þegar um er að ræða heimildarmyndir og efni sem byggt er á raunverulegum heimildum að skrásetja samtímann hverju sinni. Í skrásetningunni felast mikilvægar og oft á tíðum dýrmætar heimildir og menningarverðmæti sem æskilegt er að varðveita. Slíkar heimildir veita okkur innsýn og leiðsögn um þann tíma og það efni sem verið er að fjalla um. Miklir menningarlegir hagsmunir geta því verið fólgnir í miðlun á svona efni.

1.5 Aðgát skal höfð...

Afhverju fylgir dauðanum ákveðin leynd? Er dauðinn ekki jafn eðlilegur og lífið sjálft? Sumt fólk vill ekki vita af honum nema af illri nauðsyn og á hreinlega erfitt með að meðtaka dauðann sem raunverulegann hluta af lífinu. Það er engin rétt leið né röng á því hvernig við upplifum dauðann. Upplifun er alltaf einstaklingsbundinn, það sem einum finnst fallett finnst öðrum óþægilegt o.s.frv.

Flestir sem komnir eru á fullorðinsaldur hafa lent í því að missa nákominn ættingja. Ekki vildum við annað en að hinum látna væri sýnd virðing og tillitsemi í meðhöndlun útfararstjórans, prestsins, starfsfólks sjúkrastofnanna og allra þeirra sem koma að ferlinu sem á sér stað frá andláti til grafar.

Ástvinamissir er auðvitað mis þungbær fólki og fer það auðvitað að miklu leyti eftir aðstæðum og hvernig dauðann bar að. Ef um er að ræða barn, slys á ungu fólki eða óvænt andlát getur slíkt aldrei verið annað en þungbært, sorglegt og ólýsanlega erfitt fyrir aðstandendur að kljást við. Slíkir atburðir eru alltaf óskiljanlegir og ósanngjarnir.

Við gerð myndarinnar lagði ég á það mikla áherslu við útfarastjóran að ég vildi ekki upplifa það að sjá börn né fólk sem hefði lent í einhvers konar slysi því ég hreinlega treysti mér ekki til þess og fannst engin tilgangur í því enda væri það á engan hátt umfjöllunarefni myndarinnar. Ég mætti miklum skilningi gagnvart þessari ósk minni og var það virt við mig á meðan á upptökunum stóð.

II. hluti

2. Útfararþjónusta á Íslandi

U.þ.b. 1.800 andlát eru á Íslandi á ári hverju og eru þar af u.þ.b. 1.300 andlát á höfuðborgarsvæðinu. Um 1.000 grafir eru teknar í Reykjavík á ári og hér fara fram um 350 bálfarir ár hvert.

Innanríkisráðuneytið fer með lög og reglugerðir er varða útfararþjónustu á Íslandi. Til ráðuneytisins þarf að sækja tilskilin starfsleyfi til að geta sinnt þessari þjónustu. Samkvæmt 1.gr. reglugerðar um útfararþjónustu getur útfararþjónusta verið í höndum einstaklinga, félaga, stofnana eða annarra lögaðila, þ. á. m. sóknarnefnda og kirkjugarðsstjórna. Þeir einir mega reka útfararþjónustu er til þess hafa fengið leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. (Innanríkisráðuneytið 2006).

Í 3. gr. Reglugerðar frá ráðuneytinu koma fram þau skilyrði sem sett eru svo veitt sé starfsleyfi fyrir þjónustunni. Þessi skilyrði eru:

1. Að hafa óflekkað mannorð.
2. Að vera búsettur hér á landi, vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningum um Evrópska efnahagssvæðið, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.
3. Félög og fyrirtæki skulu vera skráð hér á landi og mega ekki vera bundin við nauðasamninga eða bú þeirra undir gjaldþrotaskiptum.
4. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi til að bera næga kunnáttu eða þekkingu til að rækja starfann.
5. Umsækjandi skal undirrita siðareglur, sbr. 10. gr.

(Innanríkisráðuneytið 2006).

Alls hafa um 25 einstaklingar eða fyrirtæki leyfi frá Innanríkisráðuneytinu til reksturs útfararþjónustu. Kirkjan sinnir um 45% hluta af starfseminni, Útfararstofa Íslands um 30%, Útfararþjónustan um 20% og aðrir smærri aðilar um 5%.

(Rúnar Geirmundsson 2012).

Innanríkisráðuneytið fer með lög og reglugerðir er varða útfararþjónustu á Íslandi. Til ráðuneytisins þarf að sækja tilskilin starfsleyfi til að geta sinnt þessari þjónustu.

Samkeppni er fyrir hendi í þessari stétt eins og öðrum, en þó er mikil og góð samvinna meðal útfararstjóra hér á landi. Ávallt eru fagleg og góð vinnubrögð og þjónustulund gagnvart hinum látna og aðstandendum höfð að leiðarljósi í góðri samvinnu við presta sem annast útförina. Tiltölulega góð sátt er um þessa starfsgrein á Íslandi enda leggja útfararstjórar sig fram um að gegna starfi sínu af trúmennsku og tillitsemi.

Öllum útfararstjórum á Íslandi er skylt að fara eftir siðareglum eins og þær eru settar fram í 10.gr. reglugerðar frá Innanríkisráðuneytinu, en þar segir: Útfararstjórar skulu gangast undir siðareglur sem gilda fyrir útfararstofnanir í Evrópu (EFFS). (Innanríkisráðuneytið. 2006).

Rúnar Geirmundsson útfararstjóri stofnaði Félag útfararstjóra árið 2005. Félagið starfrækir siðanefnd og hefur nefndin sett niður siðareglur fyrir útfararstjóra á Íslandi. Hlutverk siðanefndar er að úrskurða um kærur sem henni berast um brot á siðareglum. Íslenskum útfararstjórum er þó ekki skylt að vera meðlimir í félaginu. (Félag útfararstjóra. 2013). Siðareglur félagsins eru aðgengilegar á heimasíðu þess.

2.1 Dagur í lífi útfararstjóra

Starf útfararstjórans er fjölbætt og yfirgripsmikið og höfðar kannski ekki til margra. Starfinu fylgir mikil ábyrgð og getur reynt mikið á þá sem við það starfa bæði andlega og líkamlega. Oft eru þeir á vaktinni allan sólarhringinn, alla daga vikunnar og svara símtölum ef andlát ber að um kvöld eða um helgar.

Hefðbundinn vinnudagur útfararstjóra hefst snemma að morgni á skrifstofunni þar sem tekið er við símtölum frá aðstandendum. Útfararstjórinn mælir sér mót við aðstandendur og mætir iðulega á heimili þeirra sé þess óskað, en það er algengt að fólk kjósi það í þessum aðstæðum.

Þegar óskað hefur verið eftir þjónustu útfararstjórans þarf hann að sækja hinn látna á dánarstað á þar til gerðum líkbíl. Eftir að hinn látni hefur verið sóttur er hann settur á svokallaðann bakka og inn í kæli í líkhúsinu. Kælirinn er með sömu kælingu og hefðbundinn ísskápur eða 2-4°.

Lík eru aldrei smurð hér á landi og aldrei er notað formalín í lík eins og þekkest annars staðar í heiminum ef Norðurlöndin eru frá talin. (Rúnar Geirmundsson 2012).

Þegar hinn látni hefur verið sóttur þarf að hafa samband við prest fyrir aðstandendur og kistulagningar- og útfarardagur er ákveðinn í samráði við aðstandendur hins látna. Útfararstjórinn aðstoðar svo aðstandendur við val á líkkistu og líkklæðum. Eins þarf útfararstjórinn að aðstoða við val á organista og söngfólki og sjá um að bóka söngfólk fyrir athöfn í kirkju.

Útfararstjórinn þarf að vera í sambandi við tónlistarfólk og blómabúðir um skreytingar og kransa sem nota á í jarðarförinni.

Hann sér um að útvega blóm og kistuskreytingar og útvegar krossa og spjald á leiði ásamt því að útvega öll nauðsynleg gögn svo sem brennslubeiðnir. Útfararstjórinn sér um að fara yfir sálmaskrá, setja inn myndir í skrána og senda og sækja í prentun.

Hann þarf að búa um hinn látna í líkkistu í líkklæðum eða fötum hins látna allt eftir óskum aðstandenda. Hinn látni er farðaður og hár lagað til ef þarf ásamt því að öðrum nauðsynlegum áhöldum er beitt sé þess þörf allt eftir ástandi hins látna hverju sinni. Í kistunni er sæng, koddur og höfuðblæja sem hylur andlit hins látna sem útfararstjórinn útvegar.

Útfararstjórinn sér síðan um allan flutning á hinum látna til og frá athöfn og í kirkjugarðinn. Að lokum undirbýr hann og hefur umsjón með útför. (Útfarir 2013). Fljótlega eftir að jarðarför hefur farið fram fá aðstandendur reikning fyrir öllum kostnaðinum sem laut að jarðarförinni og innheldur í flestum tilfellum kostnað við útfararþjónustuna sem í dag er um 120 þúsund krónur, líkkistuna sem kostar um 160 þúsund krónur, prentun á sálmaskrá, kór, söngfólk, kirkjuvörð og blómaskreytingar. Þessi upphæð endar oft í 5-600.000 krónum og þá er ekki meðtalin erfidrykkjan sem aðstandendur sjá alfarið um sjálfir. (Rúnar Geirmundsson 2012).

2.2 Frá andláti til grafar

Hér á landi hefur það ávallt verið svo að óvenjulega margir mæta í jarðarfarir ef við berum okkur saman við Norðurlöndin og önnur lönd í Evrópu. Í dag er það ekki óalgengt að á bilinu 200 – 300 manns séu saman komin í einni jarðarför.

Áður fyrr og hingað til hefur mikið verið gert úr blómum á kistu og krönsum frá vinum og ættingjum. Prentuð var dagskrá með sálum svo allir í kirkjunni gætu sungið með. Hefur þessi hefð haldist hér á landi allar götur síðan.

Prestar raða upp sálum, ritningarlestri og minningarorðum eins og áður var gert og eru talsvert íhaldssamir á hefðina. Tónlistarval hefur þó breyst nokkuð mikið undanfarin ár með tilkomu vel menntaðra Óperu- og kórsöngvara og hljóðfæraleikara.

Framkvæmd útfarar hefur lítið breyst síðastliðin 100 ár. Í öllum tilfellum hér áður fyrr var framkvæmd útfarar í höndum sóknarprests sem iðulega hélt minningarræðu um hinn látna þar sem presturinn fór yfir æviágrip, starfsvettvang og fjölskylduhagi. Organisti og kór kirkjunnar sáu svo um sálmasöng.

Fyrir á öldum á Íslandi voru líkkistur ávallt svartar og tjargaðar og smíðaðar heima í fjárhúsum eða í bátaskílum til sjávar og sveita og oftast af aðstandendum hins látna.

Nú á dögum eru nær allar kistur hvítmálaðar. Aðeins um 10% aðstandenda kjósa viðarkistur til jarðsetningar.

Einkaaðilar stunduðu útfararþjónustu í Reykjavík og nágrenni með tilheyrandi kistusmíði og húskveðjum og rétt fyrir aldamótin 1900 fóru nokkrir smiðir til kaupmannahafnar í að læra kistusmíðar og smíðuðu kistur eftir þeim dönsku.

Kistur á Íslandi hafa alla tíð verið mjög líkar dönskum kistum. Líkkistur voru smíðaðar hér á landi allt fram til ársins 2000, en þá fóru stærstu útfaraaðilarnir að flytja inn danskar hvítar kistur sem varð til þess að kistusmíðar lögðust að mestu af á Íslandi.

Undanfarin ár hefur það aukist að hvítar kistur frá Eistlandi séu fluttar inn til landsins.

(Rúnar Geirmundsson. 2012).

2.3 Þróun útfara á Íslandi - frá húskveðju til samfellu

Kistulagning er gömul menningarhefð sem tíðkast ekki í löndunum í kringum okkur. Íslendingar hafa haldið í þessa hefð alveg síðan húskveðjurnar voru hér haldnar í eina tíð.

Húskveðja fór þannig fram að hinn látni var kvaddur hinstu kveðju á heimili sínu. Nánustu ættingjar hins látna komu og héldu helgistund yfir honum sem oftast var stýrt af prest.

Þeir sem létust heima hjá sér voru lagðir í kistu þar. Síðan var haldin líkvaka á heimilinu og kölluð húskveðja. Þeir sem létust á spítala voru færðir í kistu þar og kistan síðan flutt heim. Kistan var síðan látinn standa uppi í minnst viku þar til hún var borin í kirkju og jarðsungið.

Árið 1948 var samþykkt á alþingi að setja grafaraskatt á alla Íslendinga. Skatturinn átti að duga fyrir gerð nýrra kirkjugarða kapellubyggingu og líkhúsi. Þar með átti að afleggja húskveðjum í heimahúsum.

Þjóðkirkjan keypti svo upp tvo einkaaðila og rak kapellu og útfararþjónustu ásamt kistusmiði í samkeppni við aðeins einn einkaaðila. Flestar útfarir næstu 40 árin fóru fram í þeim sautján kirkjum sem í Reykjavík eru og svo úti á landi þegar það átti við. Húskveðjur liðu síðan endanlega undir lok í byrjun sjöunda áratugarins. (Rúnar Geirmundsson 2012).

Í dag má segja að húskveðjan hafi þróast yfir í það sem við köllum kistulagningu, en það er athöfn (yfirleitt í kapellu eða kirkju) þar sem hinn látni er sýnilegur í opinni kistu í þeim tilgangi að ættingjar geti átt kveðjustund með ástvini sínum.

Mörgum finnst kistulagningin nauðsynleg sem aðskilin athöfn frá jarðarförinni á meðan að öðrum finnst hún óþörf og færist það sífellt í aukanna hér á landi að kistulagning sé haldin sama dag og jarðaförin í svokallaðri samfellu. Þá er kistulagningin u.þ.b. klukkutíma áður og jarðaförin í kjölfarið. Þetta verður oft en ekki niðurstaðan í dag þegar um er að ræða andlát hjá mjög fullorðnu fólki og er það samróma álit margra útfararstjóra að samfellan taki við kistulagningum þegar fram líða stundir.

2.4 Bálfarir

Löngum hefur það tíðkast að fólk láti jarða sig í kistu hér á landi og telst það hinn hefðbundni máti. Undanfarin ár hefur orðið mikil aukning á því að fólk óski eftir því að láta brenna sig við andlát og er algengt að hinn látni hafi rætt þá ósk sína við nánustu ættingja til þess að auðvelda þeim framfylgd á þeirri beiðni.

Í dag eru bálfarir um 35% af öllum jarðaförum sem haldnar eru á Íslandi. Aðeins einn staður á landinu sinnir bálförum og er það í Fossvoginum í Reykjavík á vegum Kirkjugarða Reykjavíkur. (Rúnar Geirmundsson 2012).

Samkvæmt 7.gr. reglugerðar frá Innanríkisráðuneytinu má líkbrennsla hér á landi einungis fara fram í stofnunum sem ráðuneytið löggildir. Búa ber um öskuna í þar til gerðum duftkerum sem skylt er að varðveita í kirkjugarði eða löggiltum grafreit, [sbr. þó 4. mgr.] Skal grafa kerin niður í grafarstæði eða leggja þau í leiði ef vandamenn, er greinir í 1. mgr. 47. gr., óska þess. Dýpt duftkersgrafar skal vera um 1 metri.

Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um 1/2 fermetri.

Ráðuneytið getur jafnfram veitt heimild, samkvæmt nánari reglum er það setur, fyrir því að ösku verði dreift yfir öræfi eða sjó, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi. Óheimilt er að dreifa ösku á fleiri en einn stað sem og að merkja dreifingarstað. Sömuleiðis er óheimilt að geyma duftker fram að ráðstöfun þess, annars staðar en í líkhúsi. Duftker sem ætluð eru til dreifingar ösku skulu vera úr forgengilegu efni og brennd strax að lokinni dreifingu. (Alþingi 1993).

Bálfarsathafnar eru ólíkar greftrun í kistu að því leyti að kistan er ekki flutt í kirkjugarð að útfararahöfn lokinni, heldur í Bálstofuna í Fossvogi.

Oftast líða einhverjir dagar milli útfarar og bálfarar. Samkvæmt alþjóðlegum siðareglum bálstofa er ekki heimilt að aðstandendur séu viðstaddir þegar bálför fer fram. Aðstandendur ákveða í samráði við útfararstofu hvenær duftker er jarðsett. Skal það gert innan árs.

Aðstandendur geta óskað eftir því að prestur sé viðstaddur jarðsetningu duftkers. Hann flytur þá bæn og blessunarorð.

Þegar um bálför látinna sem tilheyra öðrum trúfélögum er að ræða er farið eftir siðum og venjum viðkomandi trúfélags.

Vottorð lögreglustjóra/sýslumanns þarf að vera fyrir hendi áður en bálför fer fram. Útfararstofum eða þeim sem sjá um bálförina ber að afla slíks vottorðs.

Allir sem eru orðnir 18 ára geta skrifað undir yfirlýsingu um bálför á vef Kirkjugarða Reykjavíkur.

(Ísland 2013).

2.5 Jarðarfaramenning

Dauðinn er órjúfanlega tengdur menningarsögu heimsins. Menningarlegar athafnir í tengslum við dauðann eru margvíslegar og iðulega samofnar trúarbrögðum hins látna og eða menningarsögu þess svæðis sem hinn látni fæðist inn í.

Samkvæmt 1. grein laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu frá árinu 1993 er skylt að greftra lík í lögmatum kirkjugarði eða brenna þau í viðurkenndri líkbrennslustofnun. Hins vegar er ekkert sem kveður á um að sérstök kirkjuleg eða trúarleg athöfn þurfi að eiga sér stað fyrir jarðsetningu. (Alþingi 1993).

Trúfélög hafa sína siði og eru þeir siðir yfirleitt í heiðrum hafðir þegar að jarðarför kemur. Meginreglan er sú að útför fer fram samkvæmt siðum þess trúfélags sem hinn látni tilheyrir, eða með öðrum hætti ef ekki er um að ræða neina trúfélagsaðild.

Á Íslandi er algengast að fólk sé jarðsungið í kirkju samkvæmt kristnum sið. Það virðist þó færast í aukanna að fólk kjósi að standa utan trúfélaga. Þegar svo ber undir er það aðstandenda að velja hvernig útför fer fram og þá hvort haldin verði trúarlega athöfn. Hægt er að halda veraldlega útför sem fer þá fram án umsjónar trúfélags.

Veraldlegar útfarir eru um margt líkar hefðbundnum útförum. Helsti munurinn er sá að ekki fer fram lestur trúarlegra ritninga eða bæna né eru sálmar sungnir. (Siðmennt 2013).

Í riti Landlæknisembættisins *Menningarheimar mætast* og einnig í riti frá embættinu sem ber heitið *Leiðiningar við andlát* er að finna ítarlegar leiðbeiningar til starfsfólks sjúkrahúsa og útfararstjóra um hvernig skuli meðhöndla hinn látna eftir andlát með hliðsjón af þeim trúarbrögðum og siðum sem hinn látni aðhylltist. (Landlæknisembættið 2001 og 2008).

Ísland er orðið fjölmenningsamfélag þar sem ólíkir menningarheimar mætast. Hér á landi deyr fólk sem aðhyllist hin ýmsu trúarbrögð og hlýtur það að teljast réttmæt krafa að þeirra óskum sé mætt með skilningi, aðgát og nærgætni.

Niðurlag

Mig langaði til að færa umfjöllunarefni dauðans frá því að vera tabú og feimnismál yfir í það að vera aðgengilegt almenningi á nærgætinn hátt.

Heimildarmynd með þessum efnistöfum hefur ekki verið gert áður hér á landi að mér vitandi og eykur það að mínu mati gildi myndarinnar.

Von mín er sú að myndin veiti fólki innsýn inn í annars frekar lokaðan heim og upplýsi fólk um raunveruleika dauðans. Myndinni er ætlað að vera upplýsandi menningarheimild um þetta óumflýjanlega ferli og vona ég að mér hafi tekist það ætlunarverk.

Gerð hennar tók vissulega á og hafði ferlið allt óneitanlega áhrif á mig persónulega. Efnistökin voru óþægilega raunveruleg og minntu mig á hverfugleika lífsins og það að öll munum við þurfa að fara þessa leið að lífslokum.

Dauðans alvara er heimildarmynd sem á erindi við okkur öll á einn eða annan hátt og er það einlæg ósk mín að myndin verði til þess að auka á þekkingu á viðfangsefninu og jafnvel slá á óttann hjá fólki. Ég gerð í það minnsta mitt besta til þess að gera efninu góð skil.

Ég stefni á að koma myndinni í sýningu á Skjaldborgarhátíðinni á þessu ári og í framhaldinu verður öll áhersla lögð á það að koma myndinni í sýningu hjá kvikmyndahúsi. Þetta eru vissulega háleit markmið miðað við það að myndin er ekki í bestu æskilegu myndgæðum né er hljóðið eins og það gæti best verið. Ég tel þó að efnistökin séu nægilega áhugaverð til þess að myndin eigi erindi við almenning.

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir

Gross, Larry, John Stuart Katz, og Jay Ruby. 1988. *Image Ethics. The Moral Rights of Subjects in Photographs, Film and Television*. Oxford University Press, Inc., New York.

Landlæknisembættið. 2001. *Menningarheimar mætast. Áhrif trúar, menningar og arfleifðar á samskipti og meðferð innan heilbrigðisþjónustunnar*.

Landlæknisembættið og Landspítali - háskólasjúkrahús, Reykjavík.

Landlæknisembættið. 2008. *Leiðbeiningar við andlát*. Landlæknisembættið, Reykjavík.

Nichols. Bill. 1991. *Representing Reality*. Indiana University Press, Bloomington, Indiana.

Nichols. Bill. 2010. *Introduction to Documentary*. Indiana University Press, Bloomington, Indiana.

Alþingi. Sótt þann 03. apríl 2013 af slóðinni:

<http://www.althingi.is/lagas/134/1993036.html>

Alþingi. Sótt þann 08. apríl 2013 af slóðinni:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000077.html>

Félag útfararstjóra. Sótt þann 05. apríl 2013 af slóðinni:

<http://felag.blogspot.com/2005/07/siareglur-f.html>

Innanríkisráðuneytið. Sótt þann 05. apríl 2013 af slóðinni:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/aa0d47377abc977400256a090053ff91/2f5b845cd0ecb55c0025717d00406e91?OpenDocument&Highlight=0,426%2F2006>

Ísland. Sótt þann 08. apríl 2013 af slóðinni:

<http://www.island.is/fjolskyldan/andlat/utforin/>

Siðmennt. Sótt þann 05. apríl 2013 af slóðinni: [http://sidmennt.is/veraldlegar-](http://sidmennt.is/veraldlegar-athafnir/utfor/veraldleg-eda-humanisk-utfor/)

[athafnir/utfor/veraldleg-eda-humanisk-utfor/](http://sidmennt.is/veraldlegar-athafnir/utfor/veraldleg-eda-humanisk-utfor/)

Útfarir.is. Sótt þann 03. apríl 2013 af slóðinni:

<http://www.utfarir.is/?i=13>

Munnlegar heimildir

Rúnar Geirmundsson. 2012. Viðtal höfundar við Rúnar Geirmundsson um útfararþjónustu á Íslandi. Tekið 20. október 2012.

Viðaukar

REGLUGERÐ

um útfararþjónustu.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir orðið útfararþjónusta sölu á vöru og þjónustu í atvinnuskyni vegna útfara og undirbúnings þeirra.

Útfararþjónusta (útfararstofa) getur verið í höndum einstaklinga, félaga, stofnana eða annarra lögaðila, þ. á m. sóknarnefnda og kirkjugarðsstjórna. Þeir einir mega reka útfararþjónustu er til þess hafa fengið leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

2. gr.

Umsókn um leyfi til starfrækslu útfararþjónustu skal vera skrifleg. Í henni skal tilgreina svo glöggst sem verða má eftirtalin atriði:

1. Fullt nafn, kennitölu og lögheimili leyfisbeiðanda svo og forstöðumanns, ef hann er annar en beiðandi.
2. Heiti væntanlegrar útfararþjónustu.
3. Aðalstarfsstöð og þjónustusvæði væntanlegrar útfararþjónustu.
4. Lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi.

Ef umsækjandi er lögaðili (þ.e. félag, stofnun, fyrirtæki, sóknarnefnd eða kirkjugarðsstjórn), þarf að tilgreina einstakling (framkvæmdastjóra) sem ábyrgðarmann um faglegan rekstur útfararþjónustunnar.

3. gr.

Til þess að fá leyfi eða endurnýja leyfi til að reka útfararþjónustu þarf umsækjandi:

1. Að hafa óflekkað mannorð.
2. Að vera búsettur hér á landi, vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningum um Evrópska efnahagssvæðið, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.
3. Félög og fyrirtæki skulu vera skráð hér á landi og mega ekki vera bundin við nauðasamninga eða bú þeirra undir gjaldþrotaskiptum.
4. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi til að bera næga kunnáttu eða þekkingu til að rækja starfann.
5. Umsækjandi skal undirrita siðareglur, sbr. 10. gr.

4. gr.

Þess skal gætt við útfararþjónustu að starfið sé innt af hendi af alúð og með háttvísi þar sem tillit skal tekið til trúar, siðferðiskenndar, óska og siðvenja hins látna og aðstandenda. Þá skal starfsemin samræmast góðum viðskiptaháttum. Skulu auglýsingar um starfsemina vera látlausar þar sem viðskiptavinum sé gerð grein fyrir mismunandi þjónustu sem í boði er. Útfararþjónustu er skylt að leggja ávallt fram bindandi kostnaðaráætlun um alla þætti þjónustunnar. Óheimilt er útfararþjónustu að hafa samband við aðstandendur að fyrra bragði til að auglýsa eða markaðssetja þjónustu sína.

5. gr.

Útfararþjónusta skal unnin í góðri samvinnu við aðstandendur hins látna eða þann sem fyrir útför stendur svo og þá aðila sem tengjast útförinni, svo sem presta, hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn og eftir atvikum bálstofu.

6. gr.

Útfararstjóri ber ábyrgð á því að starfsmenn útfararþjónustu hans kunni skil á helstu þáttum í starfsemi útfararþjónustunnar og búi yfir þekkingu á lögum og reglugerðum er lúta að andláti og útför. Útfararstjóri skal í því sambandi kappkosta að starfsmenn hans sækji námskeið er kunna að vera í boði um mismunandi útfararsíði og hefðir er ríkja samkvæmt helstu trúarbrögðum heims og að því er varðar frágang líks og annan undirbúning að framkvæmd varðandi kveðjuathöfn og greftrun.

7. gr.

Til starfseminnar skal útfararþjónusta hafa sérstaka skrifstofu, merka bifreið til líkflutninga og annan búnað sem nauðsynlegur telst til boðlegrar þjónustu. Óheimilt er að nota bifreiðar útfararþjónustu til annars en þess sem tengist útför. Ennfremur skal útfararstofan sýna fram á að hún geti útvegað þá aðstöðu sem hún ræður ekki sjálf yfir, svo sem í líkhúsi. Á fámennum stöðum er heimilt að víkja frá framangreindum skilyrðum.

8. gr.

Starfsaðstaða útfararþjónustu skal vera innréttuð í samræmi við markmið starfseminnar. Framganga og klæðaburður starfsmanna skal vera í samræmi við tilefni þeirra verkefna, sem útfararþjónustan hefur með höndum.

9. gr.

Útfararstjóri skal við leyfisveitingu undirrita þagmælskuheit um að þjónustan verði rækt af tillitssemi, virðingu og umhyggju svo og að í heiðri verði höfð lög og reglur sem um starfsemina gilda. Þá skal hann ennfremur sjá til þess að starfsmenn útfararþjónustunnar undirriti þagnarheit, þar sem þeir heita því að skýra ekki óviðkomandi frá því sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helst, þótt starfsmenn láti af störfum.

10. gr.

Útfararstjórar skulu gangast undir siðareglur sem gilda fyrir útfararstofnanir í Evrópu (EFFS). Siðareglurnar fylgja í íslenskri þýðingu í fylgiskjali I ásamt skýringum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 36 4. maí 1993 um kirkjugarða, greftun og líkbrennslu, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 232/1995, sbr. reglugerð nr. 381/1995, sbr. reglugerð nr. 285/1999.

Fylgiskjal I.

Siðareglur Evrópusambands útfararþjónustustofnana

(EFFS – European Federation of Funeral Services).

Landssambönd útfararstjóra, svæðissambönd útfararstjóra, útfararstjórar í útfararstofnunum, sem eiga aðild að EFFS, samþykkja að hlíta eftirfarandi starfsgreinarreglum og heita því:

1. óskoraðri faglegri samvirkusemi, sem byggist á trúmennsku við fjölskyldur er í hlut eiga,
2. einlægri virðingu fyrir trúarbrögðum og siðvenjum fjölskyldna,
3. að sérhverri fjölskyldu sé algerlega frjálst að velja sér útfararstjóra,
4. að fjölskyldur eigi rétt á upplýsingum um áætlaðan útfararkostnað,
5. fullkominni virðingu fyrir þagnarskyldu og að ekki verði misnotaðar trúnaðarupplýsingar,
6. heiðarleika og trúmennsku í starfi,
7. fullkominni virðingu fyrir lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og öllum reglum sem varða greinina, innlendum sem alþjóðlegum,
8. að öll kynningarstarfsemi verð hlutlæg, heiðarleg og hófsöm,
9. stöðugri viðleitni til þess að færa þekkingu innan starfsgreinarinnar á æðra stig,
10. trúmennsku í samskiptum við starfsbræður og starfssystur innanlands sem utan,
11. að sérhver félagi í EFFS hafi jafnan hugfast að halda uppi orðstír starfsgreinarinnar.

Allir félagar sem í upphafi greinir staðfesta þessar starfsgreinarreglur sem siðareglur sínar. Landsbundnar siðareglur skulu í það minnsta samræmast þessum reglum.

Skýringar við einstaka töluliði:

1. a. Útfararstjóra ber skylda til að gæta hagsmuna aðstandenda og veita bestu leiðbeiningar og þjónustu sem völ er á (sbr. 5. gr. í reglugerð um útfararþjónustu, sem verður hér eftir kölluð reglugerðin).
b. Líkflutningamenn skulu virða tilfinningar aðstandenda, þegar andlát ber að í heimahúsi, með því t.d. að gefa aðstandendum tækifæri til kveðjustundar við dánarbeð og gæta þess þá sérstaklega að spyrja hvort kalla eigi til prest eða forstöðumann trúfélags áður en lík er flutt af dánarstað.
c. Þeirrar meginreglu skal gætt við flutning á líki frá dánarstað í líkhús að flutningamenn séu tveir.
2. Með vaxandi fjölmenningu mun reyna á þessa grein í auknum mæli. Þess skal gætt að ekki sé farið út fyrir heimildir laga og reglugerðarinnar, sbr. 5. og 6. gr. hennar. Útfararstjórum ber að leiðbeina aðstandendum í þessum efnum.

3. Útfararstjóri og/eða starfsmaður hans mega á engan hátt leita eftir beiðni um útfararþjónustu frá aðstandendum né borga fyrir ábendingar á útfararstofu sína.
4. Útfararstjóri skal láta aðstandendum í té verðskrá sem tilgreinir alla þætti þjónustunnar, jafnt ódýra sem dýra. Verðskrá þessa má birta á heimasíðu viðkomandi útfararþjónustu.
5. Sjá 9. gr. reglugerðarinnar. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.
6. Útfararstjórar og starfsmenn þeirra skulu í hvívetna gæta heiðarleika í starfi. Ákvæði 2. tl. 3. gr. reglugerðarinnar er m.a. sett til að mæta tjóni sem aðstandendur hafa orðið fyrir vegna hugsanlegs aðgæsluleysis útfararstofu eða starfsmanns hennar.
7. Sjá 6. gr. reglugerðarinnar. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.
8. a. Markaðssetning skal vera í samræmi við reglur samkeppnislaga og 4. gr. reglugerðarinnar.
b. Í auglýsingum skal ekki gefa upp verð þar sem það getur valdið misskilningi. Ennfremur er óheimilt að auglýsa ókeypis þjónustu.
9. Útfararstjórar skulu hvetja starfsmenn sína til þátttöku í skipulögðum námskeiðum er varða fagsvið sérhvers starfsmanns, sbr. 4. tl. 3. gr. og 6. gr. reglugerðarinnar.
10. Útfararstjórar og starfsmenn þeirra mega ekki setja fram staðhæfingar eða sýna hegðun, sem gefur ástæðu til réttlátrar gagnrýni á þá sjálfa eða stéttina.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2006

Handrit/atríðaskrá

1. Upphaf

1. Myndin byrjar með Rúnari og Elís þar sem þeir flytja líkkistu í Fríkirkju Hafnarfjarðar. Sterk byrjun og áhrifarík – Lagið *Ég byrja reisu mín* í flutningi Voces Masculorum hljómar undir.
2. Titill myndarinnar.

2. Viðtal úr líkbílnum + líkflutningur Landspítalinn Fossvogi.

1. Rúnar útfararstjóri í bílnum á leið á Landspítalann í Fossvogi að sækja látinn einstakling. Hann lýsir starfi útfararstjórans í grófum dráttum.
2. Landspítalinn í Fossvogi – líkflutningur. Myndir teknar í kjallaragangi Landspítalans í Fossvogi.
3. Viðtal við Rúnar í bílnum á leið frá Landspítalanum – Rúnar lýsir samstarfi útfarastjóra við starfsfólk sjúkrastofnanna.

3. Líkhús Rúnars

1. Líkbíllinn bakkar inn í bílageymsluna við líkhús Rúnars.
2. Rúnar talar um kæliskápana sem hýsa líkin.
3. Rúnar flytur lík (innvafið í lak) yfir á bakka og í kæli. Rúnar einn að störfum að ganga frá líkinu. Hann segir frá lyftunni sem þeir nota í líkflutningum.
4. Synir Rúnars þeir Elís og Siggí koma keyrandi að með látin einstakling. Þeir flytja hann í líkhúsið og af börum yfir á bakka. Rúnar í viðtali yfir þeim myndum.
5. Rúnar í viðtali á skrifstofunni – talar um undirbúning á hinum látna fyrir kistulagningu.
6. Elís talar um förðun og ýmsan búnað sem er notaður til að undirbúa hinn látna fyrir kistulagninu. Nærmyndir af förðunarbúnaði og öðrum áhöldum.
7. Elís stendur við bakka með lyftuna í hendi og lýsir ferlinu við undirbúning á hinum látna áður en hann er lagður í kistu.
8. Rúnar, Elís og Siggí undirbúa kistu með sæng, kotta og blæju og Rúnar lýsir ferlinu fyrir áhorfendum.
9. Siggí og Elís færa kistuna inn í líkbíl og loka.

4. Heima hjá Rúnari

1. Viðtal við Rúnar á skrifstofunni heima hjá sér. Hann talar um það hver fyrstu skrefin eru fyrir aðstandendur og talar um það hvernig hann byrjaði í þessum bransa. Myndir af honum tala við aðstandendur og af honum á gangi í duftkerskirkjugarðinum í Fossvogi notaðar undir viðtali.
2. Synir Rúnars Siggi og Elís ræða um það hvernig var að alast upp sem synir útfarastjóra. Myndir af þeim bræðrum við störf og í hádegismat notaðar undir viðtali.

5. Árbæjarkirkja

1. Farið með kistu í Árbæjarkirkju – líkbíllinn kemur að og Elís og Siggi koma með kistuna inn. Siggi og Elís í viðtali yfir myndum frá Árbæjarkirkju.
2. Jóhann Friðgeir Valdimarsson óperusöngvari tekur æfingu með organistanum í Árbæjarkirkju.
3. Rúnar talar um hvað gert er fyrir jarðaför í Árbæjarkirkju (sviðsett).
4. Farið úr söng Jóhanns Friðgeirs yfir í fallett himnaskot og þaðan yfir í viðtal við Rúnar á líkbílnum þar sem hann er á leið í Fossvogskirkju og talar um siðareglur útfarastjóra.

6. Fossvogurinn

1. Rúnar keyrir að Fossvogskirkju.
2. Rúnar sækir kistuna úr líkbílnum og fer með í líkhús Fossvogskirkju. Leitar að plássi í líkskápum og setur kistuna inn. Talar yfir þeim myndum um kostnað við jarðaför.
3. Auður Inga prestur gengur inn kirkjuna (flott skot).
4. Kista í Fossvogskirkju – Rúnar og prestur herða lokið á kistunni og Rúnar kemur blómakransi, moldunarbúnaði og hljóðnema fyrir.
5. Rúnar á gangi um Fossvogskirkju – fær sér sódavatn.
6. Rúnar slappar af og talar um það sem er framundan + myndefni úr hliðarherberginu sýnt þar sem látinn maður liggur í kistu.
7. Kammerkór Langholtskirkju að æfa fyrir jarðaförina.
8. Rúnar spjallar við Guðmund organista og þeir ræða menningarhefðir í tengslum við orgelið.

9. Organistinn við orgelið spilar *Hærra minn guð til þín*.
10. Kórinn gengur inn í Fossvogskirkju og syngur eitt lag.
11. Athöfn í Fossvogskirkju – presturinn fer með Faðir voríð.
12. Viðtal við Elís í líkbílnum – segir frá tillitssemi í umferðinni, ábyrgð útfararstjórans o.fl. áhugavert (keyrir inn í Gufuneskirkjugarð).
13. Líkbíllinn keyrir í gufuneskirkjugarði

7. Líkbrennslan

1. Rúnar á skrifstofunni í viðtali – talar um líkbrennslu. Voice over yfir myndum af Gísla starfsmanni bálstofu þar sem hann gerir kistu klára fyrir brennslu.
2. Líkbrennsluofnarnarnir.
3. Helga Þóra kirkjuvörður lýsir líkbrennsluferlinu.
4. Líkbrennslan – ofninn og brennsla í gangi.
5. Skot af mөлunartækjum og af duftkerum.
6. Rúnar í líkbílnum á leið í duftkerskirkjugarðinn. Leitar að gröf og talar um það. Gengur út úr bílnum – myndir af honum á gangi um garðinn.

8. Skrifstofa Rúnars

10. Rúnar talar um það sem honum finnst skemmtilegast við þetta starf. Talar um sönginn og tónlistina í því samhengi.
11. Farið úr skoti af Voces Masculorum að syngja í athöfn í Fríkirkju Hafnarfjarðar yfir í útiskot af Fríkirkjunni.

9. Fríkirkjan og safnaðarheimilið í Hafnarfirði

1. Rúnar stendur á svölum kirkjunnar og ræðir við blómaskreytingarkonu og kirkjuvörðinn.
2. Rúnar spjallar örlítið við kirkjuvörðinn um kirkjuklukkuna og gengur upp í kirkjuturn Fríkirkjunnar í Hafnarfirði og slær kirkjuklukkunni.
3. Kaffisamsæti í safnaðarheimili Fríkirkjunnar rétt fyrir jarðaför í kirkjunni – útfararstjórinn, prestar, safnaðarheimiliskonur o.fl. í mynd.
4. Voces Masculorum kórinn ásamt Gissuri Pál tenór á æfingu í safnaðarheimilinu.
5. Farið úr kórnum á æfingu yfir í orgelspil Guðmunds í jarðaförinni.

10. Endir

1. Rúnar í viðtali á skrifstofunni um það sem honum finnst erfiðast við starfið.
Áhrifaríkt viðtal. Hann endar á því að segja „en þessu venst maður aldrei“ og horfir lengi í vélina á eftir.
2. Farið í skot af honum setja kross á kistu og hún keyrð inn í líkbíl og lokað.
Undir hljómar *Lýs milda ljós* í flutningi Voces Masculorum.
3. Rúnar gengur frá líkbílnum í átt að líkhúsinu og horfir til hliðar.
4. Kreditlisti.